

Lög foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

1. grein

Félagið heitir foreldrafélag grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla. Félagar eru:

- a) Foreldrar og forráðamenn nemenda skólans
- b) Tengiliður kennara og aðrir áhugasamir

2. grein

Markmið félagsins er:

- a) Að koma á lifandi sambandi milli skólans og heimila nemenda skólans
- b) Að stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu skólans

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- a) Að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni
- b) Að veita aðstoð í starfi skólans vegna félagsstarfa og skemmtana í þágu nemenda, einnig er varðar námsferðir og fleira
- c) Að styðja menningarviðleitni innan skólans, svo sem tónlist, bókmenntir og sérhvað það annað sem að gagni má koma fyrir skólann.

4. grein

Upphæð félagsgjalda er ákveðin frá ári til árs á aðalfundi og dugir einfaldur meirihluti fundarmanna til að ákveða þau.

5. grein

a) Fimm fulltrúar skipa aðalstjórn foreldrafélagsins og eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Þeir skipta með sér hlutverkum formanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Einnig skal skipa varastjórn, tvo fulltrúa. Hver fulltrúi situr tvö ár í stjórn.

b) Foreldrafélag grunnskóladeildar sér um að manna 1 fulltrúa úr stjórn félagsins í skólaráð.

6. grein

Aðalfund skal halda í apríl hvert ár. Til hans skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Fundurinn telst löglegur ef löglega er til hans boðað.

7. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

Seyðisfirði

30. apríl 2013